

Reykjavík, 23. október 2023

Umsógn vegna 99. mál, frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna banns við hvalveiðum.

154. löggjafarþing 2023–2024.

Þingskjal 99 — 99. Mál.

Það er ekkert sem réttlætir margra mínútna eða margra klukkustunda dauðastríð dýrs af hendi veiðimanna.

Það er engin mannúðleg leið til að drepa stórhveli á borð við langreyðar og þessvegna eru engar forsendur til að leyfa slíkar veiðar.

Langreyðar eru spendýr, þær finna til eins og við finnum til.

Þær eiga fjölskyldur og sín eigin tungumál sem þær tjá sig með sín á milli.

Þær ganga með kálfa sína í rúmt ár og hafa þá á spena í ár eftir það, svipað og við gerum með okkar ungvíði.

Langreyðar lifa svipað lengi eða lengur en við fáim þær að lifa frjálssar, þá er meðalaldur þeirra 90 ár.

Það að við þekkjum þær ekki og sjáum þær ekki gerir þær ekki minna virði en önnur spendýr, þær eru skyni gæddar verur og mikilvægar fyrir vistkerfi sjávar.

Með því að kafa á sjávarbotn og ferðast um höfin framleiða langreyðar næringarrík úrgangský sem styrkja svíf og önnur smádýr, fjölgun langreyða styrkir fiskistofna, stóra sem smáa.

Þegar langreyðar enda lífdaga sína í hafinu sjálfu og sökkva til botns binda þær mikið magn kolefnis til langs tíma.

Langreyðarstuðla að heilbrigðu lífríki sjávar og hafa lifað í jafnvægi við umhverfi sitt í tugi milljóna ára, leyfum þeim að gera það áfram.

Bönnum hvalveiðar núna.

Valgerður Árnadóttir